
Kortlagning ofanflóðahættu á vegum landsins

Ágrip af erindi haldið á Rannsóknaráðstefnu Vegagerðarinnar þann 6. nóvember 2026

Á Íslandi eru fjölmargir vegkaflar þar sem hætta er á ofanflóðum, einkum snjóflóðum (sjá mynd 1), sem geta ógnað öryggi vegfarenda og haft áhrif á þjónustustig vegakerfisins. Markmið verkefnisins var að safna saman, skrásetja og miðla þekkingu um ofanflóð við vegi og virkni þeirra varna sem reistar hafa verið, þannig að hún nýtist betur við framtíðarákvarðanir um mótvægisaðgerðir.

Verkefnið byggði á gögnum frá Vegagerðinni og Veðurstofu Íslands, ásamt viðtölum við reynda starfsmenn og sérfræðinga. Þekkt snjóflóðasvæði við vegi voru kortlögð út frá þessum gögnum. Í verkefninu voru alls kortlögð 488 þekkt ofanflóðasvæði þar sem ofanflóð hafa fallið á eða yfir veg. Einnig var virkni valinna varna metin og tíðni skráðra snjóflóða á völdum vegköflum borin saman við norsk viðmiðunarmörk um ásættanlega hættu.



Mynd 1 Yfirlit yfir 488 þekkt ofanflóðasvæði við vegi. Skriður og grjóthrun eru ekki sýnd á kortinu.

Greining á 28 vegköflum með samtals 168 þekktum ofanflóðafarvegum sýndi að á flestum vegköflum var a.m.k. einn farvegur þar sem tíðni snjóflóða var yfir norskum viðmiðum um ásættanlega hættu með hliðsjón af umferðarþunga.

Niðurstöður verkefnisins veita mikilvæga innsýn í stöðu ofanflóðahættu við vegi landsins og geta meðal annars nýst við forgangsröðun aðgerða, stefnumótun og ákvarðanatöku um framtíðarvarnir.

Í erindinu verður megináhersla lögð á þann hluta verkefnisins sem snýr að kortlagningu ofanflóðasvæða við vegi landsins.

Geir Sigurðsson og Guðmundur R. Björgvinsson hjá Vegagerðinni fá sérstakar þakkir fyrir aðstoð við gagnaöflun og úrvinnslu og fyrir að deila með okkur reynslu sinni og þekkingu.